

Fundargerð 554

Föstudaginn 7. nóvember 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS) og Steindór R. Haraldsson.

Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Eliásson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði, Skarphéðinn Berg Steinarsson (SBS) Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:30 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Úthlutun úr Sóknarsjóð til smærri fyrirtækja í Grindavík
2. Önnur mál
3. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Úthlutun úr Sóknarsjóð til smærri fyrirtækja í Grindavík

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá matsnefnd Sóknarsjóðs til smærri fyrirtækja í Grindavík með tillögum að afgreiðslu umsókna úr sjóðnum sem HP kynnti.

Ríkisstjórnin ákvað í mars sl. að verja allt að 180 m.kr. í Sóknarsjóð til stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Grindavík og kemur framlagið af almennum varasjóði inn á fjárlagalið byggðaáætlunar. Byggðastofnun, að beiðni innviðaráðuneytisins, annast umsýslu sóknarsjóðs í samræmi við þær reglur sem um hann gilda.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 27. ágúst sl. var skipuð matsnefnd Sóknarsjóðs í samræmi við 2. grein reglna um sjóðinn, sem staðfestar voru af ráðherra 1. september 2025. Matsnefndina skipa Hrund Pétursdóttir og Pétur Friðjónsson f.h. Byggðastofnunar og Skarphéðinn Berg Steinarsson frá Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík (Grindavíkurnefnd). Hrund er formaður nefndarinnar og Pétur er verkefnastjóri.

Auglýst var eftir umsóknum í Sóknarsjóð 10. september sl. og var umsóknarfrestur til og með 1. október. Var auglýst á heimasíðu Byggðastofnunar, Grindavíkurbæjar, Stjórnarráðsins og hjá Sambandi Sveitarfélaga á Suðunesjum. Alls bárust 41 umsókn frá 37 aðilum. Heildarfjárhæð umsókna var 436,2 m.kr. Matsnefnd leggur til við stjórn Byggðastofnunar að samþykktar verði 33 umsóknir að heildarfjárhæð 130,4 m.kr. Þá verði 8 umsóknum synjað.

...

Matsnefnd Sóknarsjóðs leggur til að stjórn Byggðastofnunar samþykki ofangreinda tillögu að úthlutun úr sjóðnum í samræmi við reglur hans. Samþykktar verði 33 umsóknir að fjárhæð 130,4 m.kr. og 8 umsóknum verði synjað.

Til máls tóku MS, SBS, PF, SH, AME og HÓ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Stjórn Byggðastofnunar leggur til við innviðaráðherra að eftirstöðvar þess fjármagns sem er til ráðstöfunar í verkefnið Sóknarsjóður til stuðnings lítill og meðalstórra fyrirtækja í Grindavík verði auglýst til úthlutunar eftir áramót að undangenginni uppfærslu á úthlutunarreglum.

SBS og PF viku af fundi.

2. Önnur mál

Erindi frá ytri endurskoðanda

HGÓ upplýsti stjórn um svör hans vegna spurninga ytri endurskoðanda stofnunarinnar í tenglum við endurskoðun ársreiknings 2025. Engar athugasemdir komu fram.

3. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun er 27. nóvember og er fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:15

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson